

Dagur íslenska táknmálsins

Málþing:

Í tilefni af degi íslenska táknmálsins, 11. febrúar 2019, stóð málnefnd um íslenskt táknmál að málþingi í samvinnu við Rannsóknarstofu í táknmálsfræðum við Háskóla Íslands. Yfirskrift málþingsins var „Íslenskt táknmál: Fortíð, nútíð, framtíð“. Markmiðið var að huga að uppruna ÍTM, stöðu þess sem minnihlutamáls í breyttum heimi og því hver framtíð þess verður. Málþingið fór fram í Veröld – húsi Vigdísar Finnbogadóttur kl. 16:30-18:00. Valgerður Stefánsdóttir fyrrum forstöðumaður SHH og Dr. Sigríður Sigurjónsdóttir prófessor í íslensku við HÍ héldu erindi. Valgerður fjallaði um uppruna málsamfélás ÍTM og sagði frá viðtölum sem hún hefur tekið við fólk af eldri kynslóðum. Sigríður fjallaði um íslensku og íslenskt táknmál í ölduróti samtímans, um áhrif snjalltækjanotkunar á máltöku barna, áhrif ensku á málnotkun barna og rannsóknir sínar þar að lútandi.

Forseti Íslands brást vel við beiðni málnefndarinnar um að setja málþingið og flutti hann opnunarávarp sem má finna hér: https://www.forseti.is/media/4619/2019_02_11_íslenskt_taknmal.pdf. Boð var sent til frú Vigdísar Finnbogadóttur, sem heiðraði athöfnina með nærveru sinni, allra ráðherra og alþingismanna og auk þess á þær stofnanir sem Málnefndin hefur verið í samstarfi við eins og Menntamálstofnun og RÚV. Fjöldi manns sótti málþingið og má áætla að gestir hafi verið á bilinu 80-90.

Málþingið fór fram á íslensku táknmáli og íslensku og var túlkað milli þessara tveggja mála. Kallað var eftir innslögum úr samfélagi döff og bárust þrjú, frá leikskólanum Sólborg, Félagi heyrnarlausra og Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra. Formaður málnefndarinnar, fór með hugleiðingu í lok þings og kynnti nýtt logo málnefndarinnar áður en hún sleit þinginu. Að þingi loknu bauð málnefndin upp á kaffiveitingar í opnu rými í Veröld. (Dagskrá málþingsins má sjá í viðauka.)

Á Málþinginu var nýtt lógó Málnefndarinnar kynnt. Fyrir valinu varð merki þar sem sýnt er á sjónrænan hátt að Málnefndin hefur að markmiði að halda utan um og vernda ÍTM, en ÍTM stendur fyrir íslenskt táknmál. Stafirnir ÍTM eru gerðir með íslenska fingrastafrófinu. Er nú einnig unnið að hönnun bókamerkis með fingrastafrófinu og nokkrum táknum.

Aðrir dagskrárlíðir tengdir 11. febrúar:

Það var ánægjulegt hversu dagurinn var áberandi og honum vel tekið í þjóðfélaginu. Fjölmiðlaumfjöllun var þó nokkur og má þar á meðal nefna aðkomu RÚV sem, eins og

Útvarpsstjóri orðaði það sjálfur, gaf íslenska táknmálinu 360° athygli þennan dag. Sem dæmi má nefna að nokkur viðtöl voru við meðlimi málnefndarinnar í sjónvarpi og á báðum rásum útvarpsins, KrakkaRúv var með túlkaða þætti, auk þess sem fréttu- og Facebooksíður RÚV birtu pistla og upplýsingar um táknmál.

Ýmsar aðrar stofnanir minntust dagsins á sinn hátt. Sem dæmi má nefna að Þjóðskjalasafn Íslands staðfesti móttöku fyrsta hluta vörsluútgáfu Myndbandasafns SHH þennan dag og tilkynnti það á Facebooksíðu sinni undir yfirskriftinni „Til hamingju með Dag íslenska táknmálsins!“ Þar kom einnig fram að myndböndin „eru heimild um íslenska táknmálið og eru þess vegna mikilvæg menningarverðmæti“. Gerðarsafn bauð einnig upp á leiðsögn á táknmáli um sýninguna Ó, hve hljótt. Í samvinnu við Vísindavef HÍ voru tvö ný svör birt á vefnum þennan dag, sjá <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=77123> og <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=77098>. Mennta- og menningarmálaráðherra, Lilja Alfreðsdóttir, heimsótti SHH þann 11. febrúar og voru fulltrúar Málnefndarinnar boðaðir á SHH af því tilefni.

Í samstarfi við Café Lingua var boðað til „táknmálkaffis“ þann 7. febrúar í Borgarbókasafni Grófinni þar sem Elsa G. Björnsdóttir fjallaði um íslenskt táknmál. Viðburðurinn var mjög vel sóttur og lýstu forsvarsmenn Café Lingua yfir áhuga á að halda þessu samstarfi áfram. Sjá má [auglýsingu fyrir viðburðinn hér: https://www.borgarbokasafn.is/vidburdir/fraedsla-spjall-og-umraedur-welcome/cafе-linguatakmal-thu-hefur-thad-i-hendi-ther](https://www.borgarbokasafn.is/vidburdir/fraedsla-spjall-og-umraedur-welcome/cafе-linguatakmal-thu-hefur-thad-i-hendi-ther).

Málnefndin hefur lengi reynt að koma deginum 11. febrúar inn á almenn og opinber dagatöl og var fyrsta skrefið tekið í þá átt þar sem Ísafold hefur nú merkt daginn á þeim dagatölum sem þeir gefa út.